

Ágætu lesendur

Eins og fram kemur á öðrum stað hér í blaðinu þá mun Einar Sigurðsson koma til starfa hjá Mjólkursamsölnni ehf. 1. apríl nk. og taka við starfi forstjóra félagsins. 1. maí.

Fyrir hönd Auðhumlu, vil ég bjóða Einar velkominn í þetta veigamikla starf og óska honum velfarnaðar.

Á næstunni verða haldnir deildarfundir félagsins.


Fyrsti fundurinn verður 23. febrúar og síðasti deildarfundurinn verður á Ísafirði 19. mars. Aðalfundur félagsins verður síðan 3. apríl á Hótel Selfossi. Þó svo að upplýsingastreymi sé mikið í okkar samfélagi eru fundir sem þessir mjög mikilvægir bæði fyrir félagið sjálft og rekstur þess, eins og ekki síður fyrir einstaka félagsmenn. Á fundum þessum verður farið yfir reksturinn á liðnu ári og eins skoðað hvert stefnir á þessu ári við þær aðstæður sem við búum við.

Hvert stefnir reksturinn? Hvað hefur áunnist í þeirri miklu hagræðingu sem

fram hefur farið á undangengnum tveimur árum, sem Mjólkursamsalan ehf. hefur starfað. Það þarf að sjálfsgöðu ekki að taka það fram að mikilvægt er að félagsmenn mæti á þessa fundi og taki þátt í þeim umræðum sem þar fara fram.

Verðlagsmál verða væntanlega mikið til umræðu á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að þessar umræður verði málefnalegar og allar staðreyndir komi fram.

Á liðnu ári voru þrennar verðbreytingar 1. janúar 1. apríl og 1. nóvember. Um verulegar breytingar var að ræða í tveimur seinni tilfellunum. Hvað gerist nú er ekki gott að segja. Gengi íslensku krónunnar virðist ekki ná stöðugleika og hún hefur ekki náð að styrkjast eins og vonir stóðu til. Allt þetta veldur óvissu. Framundan er síðan veruleg hækkun á áburði sem taka verður tillit til. Það verður fróðlegt að sjá þegar útreikningar liggja fyrir hjá Verðlagsnefnd búvara,



hvaða breytingar hafa orðið og hvaða áhrif það hefur.

Hin hliðin á þessu öllu er síðan, ástandið í samfélaginu. Hvaða áhrif hefur það á umræður og ákvarðanir um verðlagsmál kúabænda og mjólkur-iðnaðarins.

Kveðja,
Magnús

Auðhumla svf. – Deildarfundir og aðalfundur 2009			
		Hádegisfundir	Kvöldfundir
23. feb.	Mán	Eyjafladeild / Mýrdalsdeild – Hótel Vellir v/Pétursey kl. 13:30	Austur-Skaftafellsdeild – Smyrlabjörgum, kl. 20:30
24. feb.	Þri	Skaftárdeild – Hótel Kirkjubæjarklaustri, kl. 13:30	Landeyjadeild / Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild – Hótel Hvolsvöllur, kl. 20:30
25. feb.	Mið	Hraungerðis-, Sandvíkur- og Ölfusdeild / Gaulverjabæjar – Villingaholts- og Stokkseyrardeild – Fundarsal MS Selfossi, kl. 13:30	Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpardeild – Hestheimar, kl. 20:30
26. feb.	Fim	Snæfellsnesdeild / Mýrasýsludeild / Borgarfjarðardeild / Hvalfjarðardeild – Hótel Hamri, Borgarnesi kl. 13:00	Uppsveitadeild – Brautarholt Skeiðum, kl. 20:30
10. mars	Þri	Austur-Húnaþingsdeild – Sjálfstæðishúsinu Blönduósi, kl. 13:00	Vestur-Húnaþingsdeild – Félagshemilinu Ásbyrgi, Laugarbakka, kl. 20:30
11. mars	Mið	Breiðafjarðardeild – Félagshemilinu Dalabúð, Búðardal, kl. 13:30	
17. mars	Þri	Austurlandsdeild – Gistihúsinu Egilsstöðum, kl. 13:30	
18. mars	Mið	Norðausturdeild – Sveinbjarnargerði, kl. 13:00	
19. mars	Fim	Breiðafjarðardeild, Ísafjörður – Hótel Ísafirði, kl. 13:30	
3. apríl	Fös	Aðalfundur Auðhumlu svf. – Hótel Selfoss, kl. 13:00	

Sameiginlegir fundir	Stakir fundir
----------------------	---------------

Mjólkursamlagið á Blönduósi hættir starfsemi

Um síðustu áramót var starfssemi hjá MS Blönduósi hætt eftir rúmlega 60 ára úrvinnslu og söfnun mjólkur. Samlagið tók til starfa um áramótin 1947-1948 og var kærkomin bændum í héraðinu. Mæðuveikin hafði leikið bændur illa og aukin mjólkurframleiðsla hleypti lífi í landbúnaðinn á svæðinu. Niðurskurði á öllu sauðfé í Austur-Húnavatnssýslu lauk haustið 1948 og haustið 1949 var aðeins slátrað 2.688 dilkum úr öllu héraðinu sem voru eingöngu hrútlömb. Sveinn Tryggvason var aðalráðgjafi við undirbúning og uppbyggingu samlagsins og hann teiknaði einnig samlagið. Upphaflega voru óskir heimamanna að stofna samlag 1935, en vegna afstöðu ríkisvalds og slæmrar markaðsstöðu var hætt við áformin, en smjör-samlag tók til starfa 1942 og starfaði til stofnunar samlagsins. Sláturfélag Austur- Húnvetninga nú Sölufélag Austur-Húnvetninga stóð að rekstrinum. Aðalframleiðsla var mjólkurduft, smjör og neyslumjólk, en samlagið var það fyrsta á landinu, þar sem framleitt var mjólkurduft. Undanrennuduft hafði verið flutt inn í landið um nokkurt skeið frá Danmörku. Mjólkursamlag Húnvetninga var tekið til starfa. Mjólk var einnig lögð inn úr Vestur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu. Framleiðsla og innvegin mjólk fyrsta starfsárið var eftirfarandi:

Innvegin mjólk:

Strandasýsla og Vestur Húnavatnssýsla 268.900 lítrar
Austur Húnavatnssýsla 1.008.602 lítrar.



Magnús á Hnjúki afhendir Kristófer vinnslustjóra þakklætisvott frá kúabændum í A-Hún.



F.v. Gróa Lárusdóttir, Jóhannes Torfason, Magnús R. Sigurðsson, Jóhann P. Bjarnason, Daníel Kristjánsson, Jens Jónsson, Kristófer Sverrisson, Jakob Ó. Svavarsson, Árný Þóra Árnadóttir, Erik Stenlund og Arnar Daði Helgason.

Framleiðsla:

Nýmjólkurduft 20.822 kg, Undanrennuduft 71.890 kg og rjómi 29.114 lítrar.

Árið 1958 voru 305 mjólkurinnleggjendur. Samlag var stofnað á Hvammstanga 1959 og þá varð Austur Húnavatnssýsla eingöngu samlagssvæðið. Tankvæðing hjá mjólkurinnleggjendum varð árið 1974.

Árið 1968 voru innleggjendur 172 innlegg 3,5 millj., árið 1978: 100 innleggjendur, innlegg 4,9 millj. ltr., árið 1986: 80 innleggjendur, innlegg 4,2 millj. ltr., árið 2003: 46 innleggjendur 4,1 millj.ltr, árið 2008: 31 innleggjandi, innlegg 4,2 millj.ltr.

Duft og viðbitsframleiðsla einkenndi framleiðslu samlagsins ásamt dagvöruframleiðslu. Byrjað var að pakka í plastpoka 1965 og í fernur 1982.

Árið 1999 var samlagið selt Mjólkursamsöluinni. Fyrsti mjólkursamlagsstjóri á Blönduósi var Oddur Magnússon og þeir sem lengst hafa gengt því starfi voru þeir Sveinn Ellertsson og Páll Svavarsson. Mjólkursamlagið setti svip sinn á héraðið og var fastur þáttur í tilveru bænda og íbúa Blönduóss.

Saga mjólkursamlagsins er vörðug sögulegum og merkim þáttum í héraði og utan þess og mun standa ífmanns tönn.

Núverandi stjórn Austur-Húnaþingsdeildar Auðhumlu er: Magnús Sigurðsson Hnjúki, formaður, Jóhannes Torfason Torfalæk, Gróa Lárusdóttir, Brúsastöðum og Björn Magnússon, Hólabaki.

Núverandi stjórn félags kúabænda er: Magnús Sigurðsson Hnjúki, formaður, Gróa Lárusdóttir, Brúsastöðum, Jens Jónsson, Brandaskarði, Jóhann Bjarnason, Auðólsstöðum og Jóhannes Torfason Torfalæk.

Umfram mjólk óbreytt verð

Stjórnir Auðhumlu og Mjólkursamsöluinnar hafa ákveðið að verð fyrir umfram mjólk verði óbreytt kr. 40.- fyrir hvern lítra. Þrátt fyrir gengisbreytingar eru ekki forsendur fyrir hækkun á verði fyrir umfram mjólk.

Einnig er rétt að nefna að heimsmarkaðsverð hefur farið hratt lækkanði að undanfögnu.

MS – Nýr forstjóri

Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs hf., hefur verið ráðinn forstjóri Mjólkursamsölnunnar ehf. frá og með 1. apríl nk. og tekur hann við starfinu af Magnúsi Ólafssyni, sem að undanfögnu hefur bæði gegnt störfum forstjóra MS og Auðhumlu svf., móðurfélags MS. Magnús starfar áfram sem forstjóri Auðhumlu svf.

Þeir munu starfa saman frá 1. apríl til 1. maí er Einar tekur alfarið við sem forstjóri MS. Fráfarandi



forstjóri mun verða Einari innan handar um sinn eftir 1. maí.

Einar Sigurðsson er með víðtæka menntun á sviði stjórn málafræði, fjölmiðlafræði og stjórnunar. Hann er kunnur af störfum sínum við marga fjölmiðla en hann starfaði einnig á annan áratug hjá Flugleiðum.

Um nám í mjólkurfræði

Nám í mjólkurfræðum er ávísun á fjölbreytt framtíðarstarf við krefjandi verkefni. Um er að ræða þriggja ára nám sem bæði er verklegt og bóklegt. Verklegi þátturinn fer fram hérlandis en sá bóklegi í Óðinsvéum í Danmörku.

Strax að loknu grunnskólaprófi getur unglingur farið á námssamning í mjólkurfræði en algengara er að nemarnir hafi unnið við almenn störf í samlagi í einhvern tíma áður en þeir hefja námið. Nám mjólkurfræðinga er að fullu lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, auk þess sem vinnuveitandi greiðir að mestu allan kostnað vegna ferða og upphalds í Danmörku, auk vasapeninga.

Á tímabilinu 2002 til 2008 hafa 18 nemar hafið nám í mjólkurfræði. Þar af hafa 8 þeirra lokið námi og því eru nú 10 nemar á samningi. Þessir 10 nemar koma frá fjórum vinnstöðum, Mjólkursamsölnunni á Akureyri, Mjólkursamsölnunni á Selfossi, Mjólkursamlagi KS á Sauðárkróki og frá Kjörís í Hveragerði.

Mjólkurfræði er þriggja ára iðnnám. Nemar gera námssamning við meistara í mjólkursamlagi hér á landi og læra verklega hlutann undir hans eftirliti. Bóklega námið sækir neminn til Óðinsvéa í Danmörku. Á liðlega tveggja ára tímabili fer neminn í alls fimm námsferðir til skólans og situr á skólabekk í 4 til 14 vikur í senn, eða í alls 50 vikur.

Áður en hið bóklega nám við skólann hefst fer neminn eina ferð til Danmerkur og starfar þá í dönsku mjólkursamlagi í þrjú mánuði. Þetta er gert til þess að neminn kynnist dönsku samfélagi og nái tökum á málinu, en kennsla í skólanum fer öll fram á dönsku.

Á þessum þremur árum, sem námið tekur, fer neminn því sex sinnum alls til Danmerkur.

Í haust fara nemarnir á grunnnámskeið, sem varir fram að jólum. Þar kynnast þeir vinnureglum og þeim starfsháttum sem viðhafðir eru í samlögum, auk þeirra kennslugreina, sem farið verður nánar í á næstu námskeiðum (fagnám 1, 2 og 3). Þær eru t.d. stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði, tungumál og samfélagsfræði auk greina sem lúta að framleiðslu mjólkurvara svo sem sýrðum vörum, smjöri, osti, ís og mjólkurdufti,

auk mjólkurpökkunar, stjórnun véla, um hreinlæti og umgengni á vinnustað.

Bóklega námið fer fram í gamalgrónum skóla í Óðinsvéum, sem nýlega hefur hlotið nýtt nafn og nefnist nú **KOLD College** (www.koldcollege.dk). Þar eru liðlega 1.000 nemendur og kenndar ýmsar greinar er lúta að jarðrækt og garðyrkju, framleiðslu matvæla og framreiðslu, auk mjólkurfræðinnar. Þar nema matsveinar, þjónar og smurbrauðsdömur, garðahönnuðir, blómaræktendur og bakarar, svo dæmi séu nefnd. Skólinn er afar vel tækjum búinn og hefur m.a. fullkomið æfingamjólkursamlag með rannsóknarstofu og öllum algengustu tækjum, sem notuð eru í samlögum um heim allan.

Möguleikar mjólkurfræðings á framhaldsnámi eru góðir. Algengt er að mjólkurfræðingar fari í framhaldsnám á háskólastigi, sem einnig er kennt við skólann í Óðinsvéum. Eftir það er m.a. hægt að ljúka námi í mjólkurverkfræði við Kaupmannahafnarháskóla.

Hér á landi eru starfandi um 120 mjólkurfræðingar en þrátt fyrir að starfið henti báðum kynjum eru karlar þar í miklum meirihluta. Verkefni mjólkurfræðingsins eru nokkuð mismunandi frá samlagi til samlags, allt eftir því hvað framleitt er á hverjum stað. Meðal verkefna mjólkurfræðinga er að meðhöndla mjólkina eftir því í hvaða vöru hún á að fara, hún er aðskilin, gerilsneydd og fitusprengr. Mjólkurfræðingar vinna síðan við að framleiða vöru eins og ost, smjör, jógúrt, súrmjólk og skyr, svo dæmi séu tekin. Þeir taka þátt í framleiðslustýringu, sinna gæðaeftirliti og eftirliti með öllu framleiðsluferlinu. Mjólkurfræðingar eru eftirsóttir starfsmenn utan mjólkurvinnslunnar, gjarnan þar sem mikils hreinlætis og agaðra og skipulagðra vinnubragða er krafist. Nefna má lyfjaframleiðslu, ölgerð og eftirlits- og rannsóknastörf af ýmsu tagi sem dæmi.

Nánari upplýsingar um námið má fá hjá samlagsstjórnunum um allt land, Mjólkurfræðingafélagi Íslands og greinarhöfundu á netfangið sigurdur@ms.is.

Sigurður Mikaelsson

Höfundur er formaður Fræðslunefndar mjólkuriðnaðarinnar


Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum veitvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í janúar 2009

	Magn (kg.)				Upphæð			
	Jan. 08	Jan. 09	Mism. þús kr.	Mism. %	Jan. 08	Jan. 09	Mism. ltr/kg	Mism. %
Samt. lítrar	634.196	589.403	-44,793	-7,06%	436.092.764	528.785.385	92.692.621	21,26%
Samt. kíló	4.199.505	4.424.618	225.113	5,36%	604.829.687	740.790.963	135.961.276	22,48%

	Magn (kg.)				Upphæð			
	2008	2009	Mism. þús kr.	Mism. %	2008	2009	Mism. ltr/kg	%
Samt. lítrar	634.196	589.403	-44,793	-7,06%	436.092.764	528.785.385	92.692.621	21,26%
Samt. kíló	4.199.505	4.424.618	225.113	5,36%	604.829.687	740.790.963	135.961.276	22,48%

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið sept.-janúar:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	49.884.817	48.584.071	1.300.746	2,68%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	41,92%	41,52%		
Landið janúar:	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	10.766.374	10.562.427	203.947	1,93%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
3	2.436.561	2.381.677	54.884	2,30%
4	2.445.626	2.405.216	40.410	1,68%
5	2.462.528	2.417.185	45.343	1,88%
6	2.477.564	2.405.472	72.092	3,00%
7	2.494.230	2.463.814	30.416	1,23%
Samtals:	12.316.509	12.073.364	243.145	2,01%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/01/09 - 4/01/09	4.03	3.33	2.60	0.6	6.0	-0.546	18	249	227	2,738

Líftala í þúsundum hjá MS

Mánuður	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Janúar 2009	86.49	95.18	99.16	0.22	0.55	0.07